



Vinnuaðferðir og tækni 1 – VOT2A05

Námsáætlun, Vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Birgir Örn Guðmundsson

Netfang/netföng:

Birgir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Nemendur gera einfaldar æfingar sem tengjast undirvinnu, sprautumálun, notkun og viðhaldi á viðeigandi tækjabúnaðar sem fylgja þeirri vinnu. Áhersla er lögð á að nemendur fari eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja og þjálfa vönduð vinnubrögð.

Áhersla er lögð á að nemendur fái þjálfun í undirbúningi og sprautumálun sem skili sem bestum árangir og skila greinagóðri vinnuskýrslu.

Áhersla er lögð á eftir farandi málningarefni: Sanding grunn, hreina liti í akrýl.

Lögð er áhersla á mikilvægi góðrar innpökkunar við sprautumálun, gerðar eru æfingar í innpökkun ásamt mössun.

Æfingar eru gerðar með línuteipi og innpökkun á þeim aðferðum sem krefjast notkun línuteips.

Gerðar eru æfingar með kítti.

Áhersla er lögð á að nemendur fari eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja og þjálfa vönduð vinnubrögð.

Farið verður í vettvangsferðir.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking

- Tækjum sem notuð eru í bílamálun og notkunarsvið þeirra.
- TDS og SDS viðeigandi málningarefna.
- Þekkingu og skilning á pictogram sem kann að vera á efnum sem notuð eru.

Leikni

- Nota og hirða um verkfæri og tæki sem notuð eru við bílamálun.
- Velja þá viðgerðartækni sem hentar best hverju sinni.
- Fylgja fyrirmælum framleiðenda.
- Skila vandaðri vinnu.
- Skrifa greinagóða vinnuskýrslu.
- Skila ígrundun eftir vettvangsferðir

Hæfni

- Kunna hvernig og með hvaða búnaði sé viðeigandi að framkvæma tiltekið vinnuferli.
- Kunna hvernig á að taka í sundur og setja saman hluti á bílum.
- Kunna undirstöðuatriði við innpökkun.

Námsmat:**Vægi: Verklegt mat: 70%:**

Hér er metið hversu vel nemandi innir öll sín verk af hendi. Nemandinn nefnir, lýsir og greinir frá notkun og beitingu og hirðu tækja og búnaðar á verkstæðum fyrir ökutæki. Hann sýnir að hann hafi vald á undirstöðuverkþáttum.

Skriflegt mat: 20%:

Nemandi skilar inn skýrslum, verkefnum ásamt þekkingarmati um almenna og fræðilega þætti áfangans.

Þátttaka og Virkni 10%:

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara

Námsgögn:

Efni er gefið út frá kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hvernar kennslustundar, sé mæting undir viðmiðum í skólareglum er líklegt að hann falli og verði vísað úr lotunni.

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lánmarki 5.0 í öllum verkefnum til að standast áfangann.

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi fatnað (BILAR fatnað og öryggisskó) Ef nemendur eru ekki í tilskyldum fatnaði skal vísa þeim úr kennslustund.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.

Í lok kennslustundar þrifa nemendur vinnusvæði..



Dag.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	Kynning á áfanga, skoða námsefni	
2	Þrif á sprautuklefa, blöndunarherbergi og vinnusvæði	
3	Þrif á sprautuklefa, blöndunarherbergi og vinnusvæði	
4	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
5	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
6	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
7	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
8	Vettvangsferð	
9	Skýrslugerð. Hvernig er vinnuskýrsla uppbyggð	
10	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
11	Verkefni: Spartla, grunna og mála í Akríl	
12	Kíttun	
13	Vettvangsferð	
14	Línuteip æfingar	
15	Línuteip æfingar	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.